

## MINNISBLAÐ

### Inngangur

Þann 5. janúar 2021 hófst vinna samráðshóps um fræðslu- og félagsþjónustu vegna sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, en verkefnið hefur vinnuheimið Húnavatnssýslu. Á fyrsta fundi skipti hópurinn með sér verkum og var Lee Ann Maginnis, fulltrúi Blönduósbæjar, kosin formaður og Berglind Baldursdóttir, fulltrúi Húnavatnshrepps kosin ritari. Hópurinn samanstendur af starfsfólki sveitarfélaganna, kjörnum fulltrúum, nefndarmönnum og íbúum. Fulltrúar í fræðslu- og félagsþjónustu hópi voru ásamt formanni og ritara, Kristín Rós Sigurðardóttir fulltrúi í fræðslunefnd Húnavatnshrepps, Kolbrún Ágústa Guðnadóttir fulltrúi Skagabyggðar í fræðslunefnd Skagastrandar, Andrea Rún Andrésdóttir, fulltrúi Skagabyggðar, Lilja Guðlaug Ingólfsdóttir leikskólastjóri Barnabóls, Sigríður Helga Sigurðardóttir leikskólastjóri Barnabæjar, Sigríður Bjarney Aadnegard skólastjóri Húnavallaskóla og Vallabóls, Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri Blönduskóla, Jökulrós Grímsdóttir hjúkrunarforstjóri Sæborgar, Sara Diljá Hjálmarsdóttir skólastjóri Höfðaskóla, Hugrún Sif Hallgrímsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla A – Hún, Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri.

Hópurinn fundaði þrisvar sinnum, fimmtudaginn 7. janúar, fimmtudaginn 14. janúar og þriðjudaginn 19. janúar. Starfsmenn stofnanna á svæðinu kynntu starfsemi sína, farið var yfir lykiltölur í rekstri, framkvæmd var SVÓT greining á helstu verkefnum og niðurstöður dregnar saman þegar hægt var.

Sveitarfélögin fjögur standa saman að rekstri verkefna sem tilheyra Félags- og skólaþjónustu. Leik- og grunnskólar eru reknir af sveitarfélögunum, en Skagabyggð er með samning við Skagaströnd. Meiri áhersla var lögð á það í vinnu samráðshópsins að ræða verkefni sem ekki eru sameiginleg með sveitarfélögunum og tekur minnisblað þetta mið af því.

Fyrst verður núverandi staða málaflokksins reifuð, farið verður yfir stjórnskipulag skóla, framtíðaráskoranir málaflokksins reifaðar, framtíðarsýn sameiginlegs sveitarfélags verður lögð fram og að lokum verða helstu niðurstöður kynntar.

## 1. Núverandi staða málaflokksins og stjórnskipulag

### 1.1. Leikskólar

Þrjú leikskólar eru starfandi í Austur-Húnavatnssýslu. Barnaból á Skagaströnd. Sveitarfélagið er með rekstrarsamning við Hjallastefnuna um rekstur leikskóla. Barnabær er leikskóli rekinn af Blönduósbæ. Vallaból er leikskóli rekinn af Húnavatnshreppi og er samrekinn með Húnavallaskóla.

#### *Barnabær*

Leikskólinn Barnabær er fimm deilda leikskóli staðsettur á Blönduósi, í tveimur byggingum. Skólaárið 2020-2021 eru 75 nemendur, 38 stúlkur og 37 drengir í leikskólanum. Börn eru tekin inn við átta mánaða aldur. Í leikskólanum eru töluð níu tungumál.

Við leikskólann starfa 23 starfsmenn í 21 stöðugildi. Fjórir leikskólakennarar starfa við leikskólann, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennari og deildarstjóri. Þar að auki eru þrjú stöðugildi í stuðningi inn á deild, þrjú leikskólaliðar og einn aðstoðarleikskólakennari.

Helstu styrkleikar Barnabæjar eru að leikskólinn hefur nokkuð stöðugan barnafjölda, góð samskipti eru á milli leikskóla og grunnskóla og mannauðurinn. Helstu veikleikarnir felast í of litlu húsnæði og fáir leikskólakennarar.

#### *Barnaból*

Barnaból er leikskóli á Skagaströnd og er rekinn af Hjallastefnunni. Hjallastefnan ehf. hefur séð um rekstur leikskólans frá 1. janúar 2015. Við leikskólann er starfandi einn stjórnandi. Tveir kjarnar eru á leikskólanum. Nemendur við skólann eru 23 á vorönn 2021 en voru 29 á haustönn 2020, 10 drengir og 13 stúlkur.

Við leikskólann starfa sjö starfsmenn, tveir með leikskólakennaramenntun og annar að auki með diplómu í stjórnun og sérkennslu og stundar meistaranám í máli og læsi. Þrjú starfsmenn hafa lokið leikskólaliðanámi, einn starfsmaður er með stúdentspróf og er búfræðingur og einn starfsmaður stundar nám í kennslufræðum.

Barnaból tekur inn nemendur við níu mánaða aldur. Leikskólabörnum úr Skagabyggð stendur til boða að koma með skólabíl ef laust pláss er í bílnum.

## Vallaból

Vallaból er leikskóli sem er staðsettur á Húnavöllum samrekinn grunnskólanum. Leikskólinn Vallaból er á sömu lóð og Húnavallaskóli og var tekinn í notkun 2008. Nemendafjöldi á Vallabóli skólaárið 2020-2021 er 21 nemandi, 11 drengir og 10 stúlkur.

Tekið er við nemendum frá 9 mánaða aldri og boðið uppá akstur með skólabílum frá þriggja ára aldri sem sveitarfélagið greiðir. Eldri nemendur á leikskólanum borða hádegismat í grunnskólanum og þekkja sig því vel þegar þau hefja skólagöngu. Einnig fá allir nemendur í leikskólanum sundtíma, yngri nemendur einn tíma í viku og eldri nemendur tvo tíma. Eldri hópurinn fær einnig íþróttatíma í íþróttahúsi einu sinni í viku. Mikil aukning er í nýtingu leikskólaplássa undanfarin ár.

Starfsmenn Vallabóls eru sex í 5,3 stöðugildum. Tveir menntaðir leikskólakennarar starfa við leikskólann og einn starfsmaður er í leikskólaliðanámi. Skólastjóri Húnavallaskóla er leikskólastjóri Vallabóls. Einn starfsmaður sinnir þrifum og eldhúsi í 0,4 stöðugildi.

Helstu styrkleikar leikskólans er húsnaði leikskólans og umhverfið sem býður uppá mikla útikennslu og vettvangsferðir. Mikil samvinna er milli skólastiga.

Helstu veikleikar eru hve lítil skólalóðin er og hefur staðið til að bæta það. Einnig hefur verið erfiðleikum bundið að manna stöðugildi menntuðum leikskólakennurum.

### Tölulegar upplýsingar leikskóla

	Barnabær	Barnaból	Vallaból
<b>Fjöldi deilda</b>	5	2	1
<b>Fjöldi stjórnenda</b>	1,5	1	1
<b>Fjöldi nemenda</b>	75	23	21
<b>Drengir</b>	37	10	11
<b>Stúlkur</b>	38	13	10
<b>Fjöldi starfsmanna</b>	23	7	7
<b>Kennarar</b>	4	2	2
<b>Annað starfsfólk</b>	19	5	5
<b>Aldursviðmið</b>	8 mán	9 mán	9 mán
<b>Gjaldskrá leikskóla 8t.</b>	27.847	27.120	12.000

## 1.2. Grunnskólar

Þrjú grunnskólar eru starfandi í Austur - Húnavatnssýslu. Blönduskóli er rekinn af Blönduósbæ, Húnavallaskóli af Húnavatnshreppi og Höfðaskóli af sveitarfélaginu Skagaströnd.

### *Blönduskóli*

Blönduskóli er staðsettur við Húnabraut. Skólinn er í þremur byggingum á skólalóð. Ný list- og verknámsálma er í byggingu og verður tekin í notkun haustið 2021. Þá verður heimilisfræðihönnunar og smíða-, myndmenntar- og textílmenntakennsla á sama svæði. Íþróttamiðstöð er á skólalóðinni og íþróttir og sund kennt allt skólaárið. Hluta nemenda í tónlistarskóla býðst að stunda nám sitt á skólatíma.

Teymiskennsla er í öllum bekkjum og eru tveir umsjónarkennarar í teymi með tvo árganga. Hvert teymi hefur tvær stofur til umræða og skiptir nemendahópnum upp eftir þörfum.

Skólaárið 2020-2021 stunda 139 nemendur nám við Blönduskóla, 85 strákar og 54 stúlkur.

Þrjú stjórnendur eru við skólann, skólastjóri (með master í stjórnun menntastofnana), aðstoðarskólastjóri (viðbótar diplóma í stjórnun og forysta) og deildarstjóri sérkennslu (diplóma í sérkennslu). Skólinn er með rúmlega 60 íþróa ætlaða fyrir 1. - 6. bekk og sérkennslu og 40 Chromebook fyrir 7. - 10. bekk. Allir kennarar eru með fartölvur.

Við skólann starfa 34 starfsmenn. Sautján kennarar starfa við skólann í 16,35 stöðugildum, þar af 15 með kennaramenntun. Fimm kennarar eru þar að auki með master eða sambærilega framhaldsmenntun og nokkrir með viðbótarnám.

Þrjú skólaliðar starfa við skólann í 2,4 stöðugildum. Tveir skólaliðar sinna einnig húsvörslu. Tveir skólaliðar eru menntaðir skólaliðar og einn er með leikskólaliða- og stuðningsfulltrúanám. Sjö stuðningsfulltrúar starfa við skólann í 3,5 stöðugildum. Þrjú eru menntaðir leikskólaliðar og stuðningsfulltrúar, einn er í háskólanámi og einn með háskólagráðu. Einn þroskaþjálfari starfar við skólann í fullu starfi. Ritari starfar í 60% stöðu og er menntaður viðskiptafræðingur.

Fimm starfsmenn í 2,6 stöðugildum starfa á skóladagheimilinu sem er fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Skóladagheimilið er opið frá 12:30-16:00. Umsjónarmaður skóladagheimilisins er í 60% starfi. Einn starfsmaður er menntaður leikskólaliði og stuðningsfulltrúi, þrjú eru með stúdentspróf og einn með háskólagráðu. Á haustönn 2020 voru 47 börn á skóladagheimilinu. Skóladagheimilið er staðsett í skólahúsnæðinu.

Mötuneyti er starfsrækt í skólahúsnæðinu en maturinn er aðkeyptur og fylgir einn starfsmaður matnum. Skólaliði skammtar á diska og starfsfólk skóladagheimilis aðstoðar í mat þegar börn yngsta stigs fara í mat.

Tvær leiðir eru í skólaakstri:

**Leið 1:**

Refasveit – Blönduós, Samtals 50 km. í skóla og heim aftur (um 25 km. ein ferð).

**Leið 2:**

Langadalsleið – Blönduós, Samtals 40 km. í skóla og heim aftur (um 20 km. ein ferð).

Ein ferð er að morgni en oft tvær heimferðir, í hádegi þegar 1. - 4. bekkur hefur lokið skóla og seinnipartinn um leið og allir nemendur hvorrar leiðar hafa lokið sínu námi hvern dag. Ef eldri nemendur þurfa að bíða eftir skólabíl þá hafa þeir m.a. aðstöðu á bókasafni skólans. Blönduskóli sér nemendum fyrir ritföngum.

Helstu styrkleikar Blönduskóla felast í stöðugum nemendafjölda og mannauði. Helstu veikleikar eru húsnæðismál að svo stöddu, en það tekur breytingum með haustinu.

### *Húnavallaskóli*

Húnavallaskóli er staðsettur við Reykjabraut í Húnavatnshreppi. Húnavallaskóli er samrekinn leik- og grunnskóli. Þar er íþróttahús, sundlaug, bókasafn og matsalur í sama húsnæði. Skólaárið 2020-2021 stunda 36 nemendur nám við Húnavallaskóla, 18 drengir og 17 stúlkur. Áætlaður nemendafjöldi næstu árin í grunnskólanum eru á bilinu 31 til 34 til ársins 2027 ef engar breytingar verða.

Teymiskennsla er í öllum árgöngum og tveir samkennsluhópar. Aukið flæði nemenda milli staða gæti styrkt stöðu skólans sem og aukið flæði kennara.

Einn stjórnandi er við skólann. Menntaðir kennarar við skólann eru sjö í 6,7 stöðugildum og tveir menntaðir stuðningsfulltrúar í tveimur stöðugildum. Íþróttakennari er með undanþágu frá ráðuneyti. Sérkennsla við skólann er um það bil 0,8 stöðugildi sem menntaður sérkennari sinnir. Skólaliðar eru tveir í fullu starfi sem sinna gæslu og þrifum á skólahúsnæðinu. Starfsmenn í mötuneyti eru tveir. Nemendur, kennarar og annað starfsfólk í Húnavallaskóla fá morgunmat, hádegismat og ávaxtastund á degi gegn greiðslu. Húsvarsla er 0,3 stöðugildi. Enginn ritari er við skólann. Nemendur í 1.- 4. bekk fá gæslu 40 mínútur á dag án endurgjalds.

Skólinn byrjar kl. 8:30 og lýkur kl. 15:10 mánudaga til miðvikudaga en kl. 14:20 fimmtudaga og föstudaga.

Sextán spjaldtölvur eru til afnota bæði í leik- og grunnskóla. Búið er leggja inn pöntun á Chromebook tölvum fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk. Kennarar eru með fartölvur. Nemendur skólans fá tónlistarkennslu á skólatíma í skólanum í aðstöðu tónlistarskólans í Húnavallaskóla.

Skólaakstur í sveitarfélaginu er mikill enda víðfeðmt sveitarfélag. Leiðir skólabíla eru 5:

**Leið 1:**

Barkarstaðir – Húnavellir, Samtals 116 km. í skóla og heim aftur (önnur leiðin 58 km.)

**Leið 2:**

Bollastaðir – Húnavellir, Samtals 80 km. í skóla og heim aftur (önnur leiðin 40 km.)

**Leið 3:**

Forsæludalur – Húnavellir, Samtals 87 km. í skóla og heim aftur (önnur leiðin 43,5 km.)

**Leið 4:**

Hólabak – Húnavellir, Samtals 52 km. í skóla og heim aftur (önnur leiðin 26 km.)

**Leið 5:**

Blönduós – Húnavellir, Samtals 42 km. í skóla og heim aftur (önnur leiðin 21 km.)

Rétt er að geta þess að nemendur 7-8 bekkja og nemendur 9-10 bekkja, fara einu sinni í viku (2 ferðir) á Blönduós vegna kennslu. Farið er með nemendur í samkennslu í íþróttum með Blönduskóla, vegna kennslu í hópíþróttum.

Helstu styrkleikar Húnavallaskóla er húsnæðið og umhverfið en það styður við nám og kennslu barna bæði inni og úti. Mannauðurinn er líka einn helsti styrkleiki skólans. Helstu veikleikarnir er stærð skólans, bæði er varðar nemendur og starfsmenn og fjölbreytni í valgreinum er takmarkað.

### *Höfðaskóli*

Skólinn er í einu húsnæði, ásamt íþróttahúsi á skólalóð og sundlaug. Tveir stjórnendur starfa við skólann einn skólastjóri, einn aðstoðarskólastjóri. Kennt er eftir stigum, yngsta stig, miðstig

og elsta stig. Menntaður þroskaþjálfari sér um sérdeildina, verkefnastjóri sérkennslu í leyfi, skólastjóri leysir af.

Nemendur Höfðaskóla geta sótt kennslu í tónlistarskólanum á skólatíma en tónlistarskólinn er staðsettur rétt við Höfðaskóla.

Skólaárið 2020-2021 stunda 77 nemendur nám við Höfðaskóla, 37 drengir og 40 stúlkur. Sautján kennarar starfa við skólann, allir menntaðir eða í námi að undanskildum einum leiðbeinanda sem kennir myndmennt (er sjúkraliðamenntuð). Fimm stuðningsfulltrúar starfa við skólann þar af fjórir með stuðningsfulltrúamenntun.

Aðrir starfsmenn eru húsvörður, skólaliði og tveir starfsmenn frístundar.

Mötuneyti er starfrækt í félagsheimilinu þar sem nemendum og starfsmönnum býðst að kaupa hádegismat. Um er að ræða aðkeypta þjónustu. Boðið er upp á hafragraut alla morgna nemendum að kostnaðarlausu í skólahúsnæði. Einu sinni í viku er nemendum boðið upp á ávaxtastund í nestitíma fyrir hádegi nemendum að kostnaðarlausu.

Frístund er í boði eftir skóla til kl. 16:00 fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Skólaárið 2020-2021 eru 26 nemendur skráðir í frístund. Enginn skólaakstur er á Skagaströnd en þrír bílar koma úr Skagabyggð með nemendur. Höfðaskóli sér nemendum fyrir ritföngum.

Helstu styrkleikar Höfðaskóla er mannauðurinn og notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Helstu veikleikarnir eru litlir nemendahópar og aðstaða til verkgreinakennslu er ekki nógu góð.

### *Tónlistarskóli Austur-Húnavatnssýslu*

Tónlistarskólinn heyrir undir rekstur byggðasamlags um tónlistarskóla og heldur úti þremur starfsstöðvum, á Blönduósi, Skagaströnd og Húnavöllum. Kennarar keyra á milli starfsstöðva og fá greiddan akstur. Skólastjóri og starfsmaður búsettur á Skagaströnd hafa til afnota sameiginlegan bílaleigubíl og fá því ekki greiddan akstur.

Fjöldi nemenda eru samtals 99 á grunn- og miðstigi:

Á Blönduósi eru 45 nemendur.

Á Skagaströnd eru 40 nemendur þar af 4 úr Skagabyggð.

Á Húnavöllum eru 10 nemendur.

Fjöldi starfsfólks eru níu kennarar eru sjö og tveir í ræstingum. Einn stjórnandi starfar við skólann og aðrir fastráðnir starfsmenn eru fjórir samtals 3,7 stöðugildum, stundakennarar eru tveir í samtals 0,3 stöðugildum og í ræstingum eru tveir starfsmenn í 0,12 stöðuhlutfalli hvor. Samtals 5,24 stöðugildi.

Menntun: Starf tónlistarskólakennara er ekki lögverndað en í hópi kennara eru 2 með masterspróf, 3 með grunnpróf í háskóla og 2 með iðnpróf úr framhaldsskóla.

Aldur nemenda er frá 6-63 ára, lang stærstur hluti nemenda á grunnskólaaldri.

**Tölulegar upplýsingar skólar:**

	Blönduskóli	Húnavallaskóli	Höfðaskóli	Tónlistarskóli
<b>Stjórnendur</b>	3	1	2	1
<b>Nemendur</b>	139	35	77	99
<b>Drengir</b>	85	18	37	
<b>Stúlkur</b>	54	17	40	
<b>Starfsmenn</b>	30	14	26	9
<b>Kennarar</b>	20	7	17	7
<b>Annað starfsfólk</b>	10	6	9	2
<b>Ritföng</b>	Já	Já	Já	



### 1.3. Félags- og skólaþjónusta

Sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu standa saman að byggðasamlagi um félags- og skólaþjónustu,

Félagsþjónustan sinnir eftirfarandi málaflokkum: Barnaverndarmál, fjárhagsaðstoð, almennri félagsþjónusta, málefnum aldraðra, félagslegri heimaþjónusta, félagslegri ráðgjöf, áfengis- og vímuefnavandamálum, fósturheimilum, bæði tímabundið og varanlega í samráði við Barnaverndarstofu og sérfræðiþjónustu skóla.

Skólaþjónustan sinnir þjónustu við leik- og grunnskóla í Austur-Húnavatnssýslu. Lögð er áhersla á gott samstarf við nemendur, foreldra og starfsmenn skóla. Meginþjónusta sem veitt er: kennslufræðileg ráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, talmeinaráðgjöf, ráðgjöf iðjubjálfa og stuðningur við starfspróun í leik- og grunnskólum. Fjórir starfsmenn starfa hjá félags- og skólaþjónustunni í 3,2 stöðugildum, félagsmálastjóri, fræðslustjóri og tveir ráðgjafar.

#### *Félagsmálaráð*

Félagsmálaráð samanstendur af fulltrúum frá Blönduósbæ, Húnavatnshreppi og Skagaströnd. Félagsmálaráð fer með málefni barnaverndar og félagsþjónustu.

#### *Framhaldsskólanám - Dreifnám*

Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra (FNV) starfrækir dreifnám á Blönduósi í samstarfi við sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu. Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu rekur starfsemina en umsjónarmaður dreifnáms er starfsmaður FNV. Öll kennsla fer fram gegnum fjarfundabúnað frá Sauðárkróki og eru kennarar staðsettir þar.

Nemendur sem stunda fjarnám við FNV á svæðinu geta fengið vinnuaðstöðu og tekið öll lokapróf í dreifnáminu.

Helstu styrkleikar dreifnámsins er staðsetningin, í nálægð við verslun og íþróttahús, aðstaðan er góð og nemendur ánægðir með þjónustuna sem þeir fá. Helstu veikleikarnir eru þeir að nemendum stendur ekki til boða skólaakstur á Blönduós.

Þrjú sveitarfélög styrkja nemendur til náms á framhaldsskólastigi, Húnavatnshreppur styrkir framhaldsskólanemendur um 50.000 kr. á önn, Skagaströnd um 30.000 kr. á önn og Skagabyggð um 20.000 kr. á önn.

### *Málefni fatlaðra*

Sveitarfélög í Austur - Húnavatnssýslu hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra og er sveitarfélagið Skagafjörður leiðandi í því verkefni. Á Blönduósi er starfrækt heimili fyrir fatlað fólk auk þess sem íbúar svæðisins hafa aðgang að þjónustu skammtímavistunar, stuðningsfjölskyldna, liðveislu og ráðgjafa.

### *Málefni aldraðra*

Hjúkrunarheimilið Sæborg hefur verið starfrækt á Skagaströnd frá 1988. Stefna Sæborgar á rætur sínar að rekja til *Lev og bo* hugmyndafræðinnar sem leggur sérstaka áherslu á að viðhalda sjálfræði og sjálfsvirðingu heimilismanna þrátt fyrir hrakandi heilsufar og færnitap.

Sæborg er rekið sem sjálfstæð eining innan Félagsþjónustu A - Hún. Húsnæðið er á einni hæð með 11 herbergjum sem skiptast í sjö 28 fermetra herbergi og fjögur þrjátíu og þriggja fermetra herbergi. Leyfi eru fyrir 9 hjúkrunarrýmum, þar af er eitt hvíldarrými. Allar íbúðir eru einbýli með einkasnyrtingu og sturtu. Einkaútgangur er úr hverju herbergi.

Á Sæborg starfa 15 starfsmenn í mismunandi stöðugildum. Tveir hjúkrunarfræðingar, tveir starfsmenn í eldhúsi, einn félagsliði sem er í sjúkraliðanámi, tveir í þrifum og þvottahúsi. Aðrir eru ófaglærðir/ með framhaldsnám stúdent eða sambærilegt sem vinna við umönnun.

Vistunarnefnd norðurlands sem er staðsett á Akureyri tekur fyrir og metur umsóknir með hliðsjón af lækna- og hjúkrunarbréfum viðkomandi einstaklings sem sækir um. Hjúkrunarforstjóri metur þörf og stjórnar innlögnum eftir stöðu heimilisins hverju sinni. Oftast kemur einstaklingurinn af spítala en einnig frá heimili.

### **Hnitbjörg á Blönduósi (45m<sup>2</sup>):**

Þar eru 10 íbúðir. Tvær íbúðir hafa verið teknar í gegn nú þegar. Það stendur til að taka tvær í gegn. Ekki er enn orðið ljóst hvenær þær framkvæmdir byrja. Átta íbúðir eru í útleigu, tvær eru auðar en það stendur til að fara í framkvæmdir á þeim. Þegar íbúðir losna hafa þær verið auglýstar og metið inn eftir þörf. Sameign í kjallara sem hefur verið leigð undir félagsstarf.

### **Ægisgrund á Skagaströnd (63m<sup>2</sup>)**

Þar eru fjórar íbúðir. Þörf er á því að fara í endurbætur á öllum íbúðum en ein þeirra hefur verið gerð upp að hluta til. Allar íbúðirnar eru í útleigu. Þegar íbúðir losna hafa þær verið auglýstar og metið inn eftir þörf.

Þó nokkuð vantar upp á þjónustu í málaflokknum á svæðinu sem mikilvægt er að koma á fót. Sú þjónusta sem hægt er að sækja á svæðinu t.d. hjúkrunarrými á Skagaströnd er mikilvægt að efla ásamt auknu framboði af húsnæði fyrir eldri borgara.

## 2. Framtíðaráskoranir í málaflokknum

Helstu framtíðaráskoranirnar í málaflokknum eru þær að búa til störf fyrir fagmenntað fólk og halda í mannauðinn sem býr í sveitarfélaginu. En einnig þarf að laða að nýtt fólk og ný störf. Bæði til að fjölga íbúum á svæðinu og styrkja sveitarfélögin.

## 3. Framtíðarsýn í sameinuðu sveitarfélagi

- Mannauðurinn er ein mikilvægasta stoð samfélagsins.
- Staðið verði vörð um störf og markvisst unnið að fjölgun starfa.
- Málefni fræðslu- og félagsþjónustu verði eflað og stöðugildum fjölgað.
- Menntastefna skýr fyrir allar skólastofnanir sveitarfélagsins.
- Samvinna stofnanna eflað og markvisst unnið að framþróun menntastofnanna.
- Skólastofnanir sem bjóða upp á fjölbreytt nám fyrir alla nemendur og við þeirra hæfi.
- Foreldrar hafi val um skóla óháð búsetu.
- Mikilvægt er að koma á fót frístundaheimili fyrir nemendur grunnskóla.
- Undirbúningur á sameiningu skóla verði vandaður.
- Verði skólar sameinaðir á svæðinu er mikilvægt að finna húsnæðinu nýtt hlutverk.
- Efla þarf þjónustu við aldraða, t.d. með þjónustuíbúðum og bæta þarf aðgengi íbúa í Hnitbjörgum og Ægisgrund.
- Koma á fót dagvistun fyrir aldraða í samvinnu við HSN Blönduósi.
- Almenningssamgöngur sem geri íbúum kleift að sækja þjónustu víðsvegar um sveitarfélagið, svo sem til vinnu, náms eða íþróttar- og tómsundastarfs.
- Öflugt dreifnám sem gerir nemendum kleift að vera lengur heima og stunda nám í heimabyggð.

#### 4. Hvað þarf að varast?

- Mikilvægt er að tryggja starfsöryggi allra sem nú hafa vinnu hjá sveitarfélögunum og halda þarf í mannauðinn og sérfræðipækkinguna.
- Nauðsynlegt er að tryggja upplýsingagjöf til íbúa í öllu ferlinu.
- Of miklar breytingar á of skömmum tíma.
- Einblína um of á hagræðingu.

#### 5. Hvað viljum við alls ekki missa

Skýrt kom fram í vinnu starfshópsins að vernda þyrfti og styðja við þær stofnanir sem að þessum málaflökki koma. Mikilvægt er að íbúar sveitarfélagana fái skýrar upplýsingar um hver framtíðarsýn nýs sveitarfélags er svo allir geti tekið upplýsta ákvörðun út frá sínum hagsmunum þegar að kosningu kemur. Eitt af stóru verkefnum er að styrkja félags- og skólalþjónustuna og fjölga þar starfsfólki svo unnt sé að sinna öllum þeim verkefnum sem að henni snýr og vel það. Mikilvægt er að íbúar séu með frekar skýra mynd af því hvernig að minnsta kosti fyrsta kjörtímabilið á að vera. Leggja þarf allt kapp á að vernda störf í sveitarfélögunum og nýta aukið fjármagn til þess að allir fái sneið af þeirri köku. Halda þarf í mannauðinn og sérþekkinguna. Laða þarf að nýtt og vel menntað fólk og gera það eftirsóknarvert að búa og lifa í hinu nýja sveitarfélagi.